



RVK-8967 Tilkynning um stjórnsýslukæru nr_37_2025_

Búið til	14.3.2025 10:54:01
Höfundur	Hera Elfarsdóttir Linnet
Mótttekið dags.	14.3.2025 10:13:40
Tilheyrir	USK25030185 - Kæra nr 37/2025 - Kæra vegna útgáfu starfsleyfis Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Efni

RVK-8967 Tilkynning um stjórnsýslukæru nr_37_2025_

Upplýsingar


Vinnsla

Mótttekið dags.	14.3.2025 10:13:40	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	08.14.04 Leyfisveitingar		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Upplýsingar - Pósthólf Símaver (upplýsingar@reykjavik.is)
Til	skjalastyring@reykjavik.is

Innihald

 **uua@uua.is** has just sent this issue

Reykjavík / RVK-8967

Tilkynning um stjórnsýslukæru nr. 37/2025.

Tryggvi - Í dag 10:13

Daginn

Áframsent.

Kveðja,
Tryggvi,
þjónustufulltrúi,
Reykjavíkurborg

Description:

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 13. mars 2025 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá febrúar sl. um að gefa út starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis fyrir rekstri skotvallar í Álfnesi.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendu gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsókn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf

Harðard
óttir,
skrifstof
umaður

Úrskurðar
nefnd
umhverfis
-og
auðlinda
mála
Borgartún
1, 105
Reykjavík

<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvup-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cupplýsingar%40reykjavik.is%7Cd73b94ae7cb84320c9d562d7e5b5%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C63877540176922463CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIlwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMFOljoITWFpbClldUljoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=zsErdSgDwZNrfooKGaeoOTTOYyliRmCZtyFi4Ug%3D&reserved=0>

, Iceland
Sími /
Tel:
(+354)
5758710
www.uua.is - [
Fyrirvari/
Disclaime
r



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður o
samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: uua@uua.is

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud addon

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Við eigendur á landi og steypu húsi sem var byggt 1944 í Kollafirði kærur ákvörðun Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að gefa út starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis fyrir rekstri skotvallar í Álfsnesi. Þetta er örugglega níunda bráðabirgðarleyfi sem HER gefur út fyrir hönd skotsvæðana á Álfsnesi. HER hefur aldrei hlustað á okkur íbúa en lagt mikla vinnu við að berjast á móti okkur réttindum. HER hefur lagt sig alla fram síðustu 17 ár að villa um fyrir íbúum og landeigendum og matreiða niðurstöður til að halda skotsvæðunum eða öllu heldur einu sterkustu hagsmunasamtökum á Íslandi, skotsvæðin á Álfsnesi.

Við viljum undirstrika að við erum að kæra að HER hefur ekki séð til þess að tryggja séu hljóðvarnir sem íbúar og landeigendur hafa kvartað yfir síðustu 17 ár. Skipulagsstofnun setti það inn sem landnotkunarákvæði að HER sæi um að hljóðvarnir yrðu tryggðar. Staðreyndin er sú, að hljóðvarnir hafa ekki nú frekar en síðustu 17 verið tryggðar. Við viljum undirstrika að það er okkar kæra. Okkur þykir mikilvægt að það komi fram þar sem við efumst um að UUA hafi lesið síðustu kæru okkar miðað við þann úrskurð sem þar kom fram.

Ástæðan fyrir því að HER hefur ekki tryggt hljóðvarnir er einföld, það er ekki hægt að tryggja hljóðvarnir á Álfsnesi. Það er ekkert sem dempar hljóð toppana nema Esjan sem síðan bergmálar hljóð toppana meðfram henni allri. Allir verktakar sem hafa tjáð sig um skotsvæðin á Álfsnesi hafa allir verið sammála um einn hlut, að ekki væri hægt að velja verri staðsetningu fyrir skotsvæðin hvað hljóðmengun varðar.

HER hefur alltaf notast við sænska mæliaðferð sem er notuð til að mæla meðal hávaða frá t.d. lónaðarsvæðum og umferðarhávaða. Þar sem hávaða toppurinn er þurrkaður út. Þetta er gert til þess að ef einhver bíll flautar eða hrafn sest á staur sem mælirinn er staðsettur á og krúnkar þá eyðileggur hann ekki mælinguna. Það er ástæðan af hverju allir hávaða topparnir eru þurrkaðir út. Þegar verið er að mæla skot hávaða þá ertu einungis að mæla hávaða toppa (peaks)

Svo staðreyndin er þessi, HER hefur komist upp með það að gera falsmælingar í 17 ár og selt öllum þá lýgi t.d. ykkur hjá uua og fengið starfsleyfið fyrir hagsmunahóp sem þau vernda. Og þar af leiðandi fá að halda áfram að brjóta á okkar mannréttindum. Þetta er sama fólk sem er borgað af skattgreiðendum til þess að vernda borgarbúa fyrir mannréttindabrotum t.d. Hljóðmengun, loftsmengun osfrv. Þetta hafa þau hjá HER komist upp með í 17 ár og allir stinga hausnum í sandinn. HER hefur aldrei framkvæmt löglegar hljóðmælingar á Álfsnesi. Þau segja að þetta er allt lýgi og vitleysa og komast upp með það. Við höfum margsinnis látið verkfræðinga/verkfræði fyrirtæki sem sérhæfa sig í hljóðmælingum mæla hljóðmengun hjá okkur. Þeir sem mæla hljóðin hjá HER eru einstakl sem hafa í besta falli farið á námskeið í hljóðmælingum. Sem er frábært fyrir HER þá geta þau haldið áfram að gera falsmælingar og engin skilur upp né niður.

Mikilvægt er að lesa þennan póst sem Ólafur hjá trivium sendi Gunnari Alexander hjá UST það segir alla söguna og einnig hlusta á Guðjón Eggertsson hjá HER viðurkenna allt sem við erum að segja ykkur. [Hljóðmælingar HER Álfsnes on Vimeo](#)

From: Ólafur Hjálmarsson [REDACTED]
Sent: Tuesday, January 12, 2021 9:15 PM
To: Gunnar Alexander Ólafsson [REDACTED]
Subject: Skotsvæði í Álfsnesi - Hljóðmælingar og viðmiðunarmörk
Heiðraði Gunnar Alexander

Gleðilegt ár og takk fyrir ánægjuleg samskipti á liðnum árum.

Ég sendi þér þetta erindi þar sem alvarlegur misskilningur virðist vera á ferðinni gagnvart skotsvæði í Álfsnesi og áhrifum þess á nálæga byggð í Kollafirði m.t.t. hljóðvistar. Við hjá Trivium ráðgjöf höfum glímt um tveggja áratuga skeið við skotsvæði og kortlagningu á helsta áhrifasvæði þeirra m.t.t. hljóðvistar. Við höfum leitast við að gefa sveitarstjórnarmönnum sem allra best ráð til þess að forða átökum. Þar sem engar viðhlýtandi reglur eða reglugerðir eru skotsvæði í íslensku regluverki höfum við stuðst við meðfylgjandi sænskar leiðbeiningar; sem við höfum talið með þeim bestu á Norðurlöndum; Buller frá skjutbanor och skjutfält –Naturvårdverket. Ég hef sent þér þær áður. Hvorki gildandi reglugerð um hávaða nr.724/2008 né leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits frá mars2011 eiga við um skotsvæði. Þetta hef ég sömuleiðis nefnt við þig áður í tengslum viðendurskoðun á reglugerð um hávaða sem og meðfylgjandi athugasemdir sem ég setti fyrst fram íumboði Verkfræðingafélags Íslands árið 2007.

Skothvellir eru mjög snarpir og því þarf mælitími og viðbragð hljóðmælis, þ.e.a.s. tímastilling áhljóðmæli að endurspegla það með I stillingu (Impuls, 35 ms mælitími). Mælikvarðinn er eins og meðfylgjandi sænskt regluverk ber með sér dBAI. Þessi mælistika gefur best til kynna truflandi áhrif af skothvillum eins og sænsku leiðbeiningarnar bera með sér. Að velja S (Slow, 1000 ms mælitími) eða F (Fast, 125 ms mælitími) tímastillingu á hljóðmæli þegar skothvellir eiga í hlut er eins og að mæla vindhraða í °C. Mælikvarðinn er hreinlega rangur og villandi. Hljóðmælir á S og F tímastillingu missir af hávaðatoppnum og hann er fluttur út. Niðurstaðan er kolröng eins og meðfylgjandi hljóðmælingar Reykjavíkurborgar sýna. Það sést í samanburði við okkar hljóðmælingar. Meðfylgjandi eru stuttorðar skýringar á mismun þessara tímastillinga á hljóðmæli.

Ég sendi þér til samanburðar hljóðmælingar okkar í Kollafirði sem og kortlagningu helsta áhrifasvæðis skotsvæðisins í Álfsnesi; þar sem skotstefna er til norðurs í leirdúfuskotfimi. Kortið tekur ekki tillit til hljóðendurkasts frá Esju og ætti því í raun að stækka. Helsta áhrifasvæði nær um 2 km út í skotstefnu og í 45° geira til hvorrar handar út frá henni; annars um 1 km út frá skotsvæði. Svæðið er skástríkað á myndinni. Innan þessa áhrifasvæðis ætti ekki að vera nokkur viðkvæm byggð s.s. útivistarsvæði, frístunda- og íbúðabyggð.

Meðfylgjandi hljóðmælingar okkar sýna hávaða frá skotsvæðinu í Álfsnesi hátt yfir leyfilegum mörkum sænska regluverksins. Það var mér alveg ljóst, þar sem ég stóð við hljóðmælingar þann 19.10.2019, að aðstæður fyrir viðkomandi íbúa eru algerlega óboðlegar m.t.t. Hljóðvistar. Það er

synd að Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun hafi aldrei séð ástæðu til þess að leita til okkar með þetta mál; þann fjölda ára sem deilur hafa staðið. Hafa skal það sem sannara reynist.

Ég væri þakklátur, Gunnar, að þú staðfestir móttöku þessa erindis.

Með vinsemd og virðingu,

Ólafur

Ólafur Hjálmarsson, verkfr.

Borgartúni 20 105 Reykjavík

Sími / telephone:



Farsími / mobile:

Svo það er mjög mikilvægt fyrir úrskurðarnefndina að skilja að þessi tvö skotfélög hefðu aldrei fengið startfsleyfi til að byrja með á Álfsnesi, hefði HER farið eftir lögum og reglum hvað varðar hljóðmælingar. En við gerum okkur einnig alveg grein fyrir því að engar reglugerðir hafa verið settar á Íslandi er varðar hávaðamælingar fyrir skotsvæði, eins og er í öllum öðrum evrópulöndum. En vert er að athuga að HER hefur ítrekað sagt að þeir eru eingöngu að vinna eftir íslensku regluverki svo ekki er hægt að benda á þau. Það er mikilvægt að benda á, að út af sérkennilegum ástæðum er brottfallinn reglugerð um hávaða nr. 933/1999 í 1. gr. í viðauka undir kafla um reglur um hávaða utanhúss: „Ef upp koma tilvik þar sem þessar reglur ná ekki yfir, skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna.“ Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Það er furðulegt að þessi reglugerð var tekin út ári eftir að skotfélag Reykjavíkur fékk aðstöðu á Álfsnesi og enginn getur útskýrt af hverju það var gert hvorki UST né HER. En hún var samt í gildi þegar HER var að taka hljóðmælingar til 2008 en af einhverjum ástæðum ákvað HER að notast við Metod för immissionsmätning av externt industribuller sem mælir ekki hávaða frá skotvöllum og engin hávaða viðmið eru til frá landbúnaðarsvæðum eða opnum svæðum í stað að fara eftir lögum og notast við reglugerð um hávaða 933/1999 í 1. gr og nota reglugerð hinna Norðurlandanna. HER ber að starfa eftir gildandi lögum og reglugerðum á Íslandi. Var það ekki gert við hljóðmælingar á Álfsnesi til ársins 2008 þegar reglugerð um hávaða nr. 724/2008 tók gildi. Í sænsku mælaðferðinni Allmänna råd om buller från skjutbanor eru þau viðmið sem ekki eru að finna í íslensku regluverki. Eftir tvo áratugi af falsk mælingum þá loksins leiðbeinir UST HER að notast við mælaðferðina Allmänna råd om buller från skjutbanor sama HER sem hafa í áratug sagt að þeir fara eingöngu eftir leiðbeiningum frá UST ákveða allt í einu að neita að fara eftir þeim leiðbeiningum frá UST og gefa frá sér yfirlýsingu” “HER telur, að höfðu samráði við lögfræðinga Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf, að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á mælingum framkvæmdum samkvæmt tilvísuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er vísað til þeirra í íslenskum lögum eða reglugerðum”.

Svo staðreyndin er þessi HER fór ekki eftir lögum, ef þau hefðu farið eftir lögum hefði skotsvæðin aldrei fengið starfsleyfi á Álfsnesi vegna hávaðamengunar. HER talar um að þau ætla að taka hljóðmælingar og þau eru búin að taka hljóðmælingar og pæling er að einangra skothús og breyta um skotstefnu, verkfæringar að reyna finna lausn osfrv osfrv. Staðreyndin er að þetta er allt bull og vitleysa, 17 ára gömul tugga sem HER hefur náð að selja öllum þeim sem vita ekkert um skotíþróttir, hljóðmælingar eða Álfsnesið, og nenna ekki að vinna vinnu sína og skilja hverjar staðreyndirnar eru. Það er enginn tilgangur að einangra eitt eða neitt því hljóðið kemur út úr byssuhlaupinu og byssuhlaupið er út úr skothúsum augljóslega. Hvað varðar skotstefnu þá er það ekki hægt nema að skjóta yfir veginn og á nýju Gauja sorpu bygginguna. En við verðum að viðurkenna HER og skotfélögin hafa náð að nýta sér leti og heimsku annarra á stórkostlegan hátt. Ef það þyrfti bara að breyta um skotstefnu og henda smá steinull á skothús til þess að tryggja hljóðvarnir Þá væri löngu búíð að gera að augljóslega. Guð minn almáttugur hversu mikil heimiska og vitleysa þetta er allt orðið.

Við erum ekki að búast við miklu með þessari kæru, spilling er bara partur af lífinu hér á Íslandi. Þetta kerfi hefur margbrotið á okkar mannréttindum í Kollafirði í 17 ár. Rekið fjölskyldufólk af heimilum sínum með heilsuspillandi hávaða, Lagt fólk sem þorir að kvarta í lögfræði skuldir og keypt síðan af þeim húsin og selt aftur með kvöð um að ekki megi kvarta undan hávaða frá skotsvæðunum osfrv. Já nei við erum ekki að búast við einu eða neinu eftir okkar 17 ára reynslu en eitt er ekki hægt að horfa framhjá. Þetta kallast grafalvarleg spilling. Og allir þeir sem vinna í þessu kerfi sem hafa litið undan og grafið hausnum í sandinn í 17 ár eru sek um mjög alvarleg mannréttindabrot allavega hið minnsta gríðarlega vanrækslu í starfi.

Hér fyrir neðan eru nokkur skjöl sem sanna okkar málstað.

Skotsvæði á Álfsnesi

Trivium ráðgjöf

Hljóðmælingar við fristundabyggð og íbúðabyggð í Kollafirði

19.10.2019

Niðurstöður mælinga bornar saman við leyfilegan hávaða skv. meðfylgjandi sænskum leiðbeiningum ¹⁾

Haglabyssuskot

Staðsetning mælingar	Mæling nr.	LAlmax	Íbúðarbyggð - neðrimörk	Íbúðarbyggð - efrimörk	Útivistarsvæði - neðrimörk	Útivistarsvæði - efrimörk
Móavík - Fristundabyggð	1	85	65	70	60	65
Móavík - Fristundabyggð	2	86	65	70	60	65
Krummavík - Fristundabyggð	3	84	65	70	60	65
Krummavík - Fristundabyggð	4	81	65	70	60	65
Móaberg - Heilsárshús	5	72	65	70	60	65
Móaberg - Heilsárshús	6	60	65	70	60	65

Mæling nr. 8. Skotið úr haglabyssu á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 15:34 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá gosbrunni, skotæfingu og umferð á Vesturlandsvegi. Útprint hljóðmælis

```
-----  
                Bruel & Kjaer  
                SLM Type 2236  
SETTINGS:  
-----  
F                20-100 dB  
RMS: A          Peak: C  
RECORD NO.: 8  
-----  
11 Sep 2002     15:34:24  
Elapsed Time    0000:04:49  
Pauses         0  
Overload       0.0 %  
MaxP           101.1 dB Hæsti hljóðtoppur 101 dB(A)  
MaxL           78.2 dB  
MinL           34.8 dB  
Leq            52.2 dB => Jafngildishljóðstig 52 dB(A)  
SEL            76.8 dB  
LEPd (Te= 7h30) 51.9 dB  
L5             49.0 dB  
L95            36.5 dB
```

Mæling nr. 9. Skotið úr riffli á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 14:41 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum. Útskrift hljóðmælis:

```
-----  
                Bruel & Kjaer  
                SLM Type 2236  
SETTINGS:  
-----  
F                20-100 dB  
RMS: A          Peak: C  
RECORD NO.: 9  
-----  
11 Sep 2002     15:40:09  
Elapsed Time    0000:01:35  
Pauses         0  
Overload       0.0 %  
MaxP           97.5 dB = Hæsti hljóðtoppur 98 dB(A)  
MaxL           74.5 dB  
MinL           38.1 dB  
Leq            50.0 dB => Jafngildishljóðstig 50 dB(A)  
SEL            73.8 dB  
LEPd (Te= 7h30) 48.9 dB  
L5             47.0 dB  
L95            36.5 dB
```

Stava S Steinaróttir

Þegar á neindina er lúo er þao alar aimarkao svæoi þar sem nætta er a opægindum tra þessum svæðum. Því ætti að vera auðveldara að grípa til aðgerða til að minnka hávaðamengun á þessum stöðum. Nauðsynlegt er að kynna fyrirhuguð æfingasvæði fyrir eigendum sumarbústaðarins og íbúum starfsmannabústaðar. Þegar reynsla er komin á notkun svæðana er hægt að grípa til aðgerða til að draga úr óþægindum. Meðal þess sem hægt væri að gera er að reisa skjólveggi og setja þrefalt gler í hús. Einnig er hægt að takmarka opnunartíma svæðanna.

Virðingarfyllst
f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Starfsemi skotvalla fylgir hávaði og ónæði. Í íslenskum lögum og reglugerðum eru ekki viðmið fyrir hávaða fyrir starfsemi af þessum toga. Íslenskar viðmiðunarreglur miða við jafngildishljóðstig (LAeq) og gefur sá mælikvarði hugmynd um það heildarónæði sem af hávaða stafar. Sú mæliaðferð sem vísað er til í leiðbeiningum um mæliaðferðir við eftirlit (UST 2011) sem gefnar eru út í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, er ekki hentug til mælinga á hávaða frá skotvöllum. Það hefur HER bent á og tekið undir með öðrum sem hafa gagnrýnt mæliaðferðina og segja hana ekki gefa rétta mynd af hávaða frá skotvöllum. HER fær þó ekki séð að hægt sé að byggja kröfur í starfsleyfi á mælingum samkvæmt annarri mæliaðferð en þeirri sem vísað er til í leiðbeiningum sem gefnar eru út með stoð í reglugerð um hávaða. Á meðan ekki eru gerðar breytingar á regluverkinu fylgir HER þeim leiðbeiningum sem er að finna í núverandi regluverki. Hvað varðar tilvísun í eldri reglugerð um að styðjast skuli við viðurkennda hávaðareglu frá Norðurlöndunum komi upp tilvik sem reglur nái ekki yfir þá bendir HER á að UST sem yfirstofnun heilbrigðiseftirlits gaf ekki út aðra leiðbeiningu en að stuðst skyldi við viðmiðunarmörk í þágildandi hávaðareglugerð og þá staðla sem vísað var í skv. henni.

Telur Umhverfisstofun leiðbeiningar um mæliaðferðir frá 2011 nothæfar fyrir hljóðmælingar á skothljóðum frá skotvöllum? Ef já, hvers vegna? Að mati Umhverfisstofnunar eru leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits, sem stofnunin gaf út árið 2011, fullnægjandi við eftirlit á hávaða frá atvinnustarfsemi, þmt. skotvöllum. Þessar leiðbeiningar hafa verið aðgengilegar eftirlitsaðilum við hljóðmælingar síðan þær voru gefnar út. Eftirlitsaðilar hafa stuðst við þessar leiðbeiningar við hljóðmælingar.

Hingað til hefur Umhverfisstofnun ekki fengið neinar rökstuddar ábendingar frá eftirlitsaðilum um að áður nefndar leiðbeiningarnar um hljóðmælingar séu á einhvern hátt ófullnægjandi eða ekki í takt við tímenn varðandi mælingar á hávaða frá skotvöllum. Aftur á móti fékk Umhverfisstofnun kvörtun frá íbúa í Kollafirði vegna hávaða frá skotvöllum Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi. Í framhaldi af þeirri kvörtun fékk stofnunin ábendingu um að til væru sænskar leiðbeiningar um hávaða frá skotvöllum sem heita: Buller från skjutbanor og skjutfält.

Kvöð er um að starfrækt er skotæfingasvæði á Álfsnesi og geta þinglýstir eigendur ekki gert kröfu á hendur Reykjavíkurborg vegna hávaða frá skotæfingasvæðinu.

Til staðfestingar undirritaðs kaupandi og seljanda kaupverðing þessum í viðskrifti hreggn vörundarvotta og þeirri heimilisskipti þess þess yfir fjárhæð skulu. Undirritaði hafa verið með yfir að undirritaði á kaupverðing þessum eru í fullu samræmi við 1. mgr. 64 gr. Hæskulaga nr. 33/1962, um fjárhagsstærðir, kostnað fjárhæðir og heimildir af veittum skattum.

Reykjavík, 25. Okt. 2015

Dráttur og útgáfa

Undirskrift seljanda og samþykki nota

SR - u

K. L. J. Sun



Undirskrift kaupandi

Eyþór Guðmundsson
Bjarnardóttir

Vísna að rétt útgáfu, undirskrift og yfirlýsing skulu um fjárhæð

Nafn	Ólafur B. Björnsson Lýðveldur íslandsgata 10	Kennitali	190275-3200	Land	Ísland
Nafn	Kr. 290762-590 Fasteignir.is	Kennitali		Land	Ísland

Kaupsamningur

009208



Ólafur B. Björnsson
Lýðveldur íslandsgata 10
101 Reykjavík
Sími: 5 959 959 / Fax: 5 959 959
Netfang: skjal@fasteignir.is

Deild	Kennitali	Hæðir	Fasti	Prosent
Reykjavíkurborg	530209-7900	-	-	100.0%
Kaupend				
Bjarna Árnadóttir Krislíðbraut 10	181173-5130	-	891-7987	50.0%
Eyþór Guðmundsson Krislíðbraut 10	190275-3200	-	-	50.0%

372 800

Dag. Kaupsamning	Dag. Afbending	Útgáfa Ávika	Afþing	Reykjendur	Máttvottad FMH
22.10.2015	25.08.2015	03.11.2015		22.10.2015	22.10.2015
Eigendur í hafi	Eigendur í loft	Drumtrygging Deildir	Drumtrygging Fastandi	Fastiþing	Drumtrygging
100%	100%	Tryggingamiðstöðin	Sjóvæ	43.950.000 kr.	45.190.000 kr.

Leiga	Leidnir	Fastandi	Háttvottad í skýrðri dag
	175001	223-5656	22.05.2015

Einbýlishúsið Skriða, fastanúmer 222-5656, merkt 01-01-01, (landnúmer 175001), 116 Kjalarnesi, Reykjavík, ásamt bílskrá merktar 02-01-01 og öllu sem fylgir og fylgja þess, að engu undanskildu, þ.m.t. líkarnabíll, sjá skjal merkt 411-00044/1995.

Eftirskráð: (Þinglýst skjal)
Yfirlýsing sjá skjal 411-000106/1996
Yfirlýsing sjá skjal 411-S-002822/2004

Kvöð er um að starfrækt er skotæfingasvæði á Álfsnesi og geta þinglýstir eigendur ekki gert kröfu á hendur Reykjavíkurborg vegna hávaða frá skotæfingasvæðinu. Reykjavíkurborg samþykkir að greiða kr. 100.000,- fyrir tölur af húsinu og skal það dregið frá afsalsgreiðslu. Kaupend mun annast að hlaða til verkamanna og þó að kostnaður verði hæmt þá er greiðsla Reykjavíkurborgar endanleg fyrir tölurinnu. Samþykktir eru kr. 40.000 í afsali af kaupverði vegna þess að húsinu en miðað er við að kaupendur sjái um þess.

Húsið er sett í niðirand ástandi sem kaupendur hafa kynnt sér og geta ekki afþegandi við.

INNFÆRT
27. NOV. 2015

Skjal B
Móttækið til þess fjárhags
24. NOV. 2015

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Akureyri, 11. mars 2022
UST202202-218/S.K.
06.04.08

Efni: Fyrirspurn - leiðbeiningar um hávaðamælingar við skotvelli

Visað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), dags. 17.2.2022, þar sem óskað er eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um val á aðferðafærði við hljóðmælingar vegna starfsemi skotvalla þar sem ekki að finna viðmið fyrir slíka starfsemi í íslensku regluverki.

Tveir skotvelli hafa verið starfræktir í Álfsnesi, á svæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í gengum árin hafa borist mikið af kvörtunum vegna hávaða frá starfsemi. Árið 2021 voru auglýstar tillögur að nýjum starfsleyfum fyrir báða vellina og bærust athugasemdir við báðar tillögurnar er vörðudu hávaða frá starfsemi. Í þeim var m.a. vitnað í hljóðmælingar sem íbúar hafa látið framkvæma sem byggja á sænskum leiðbeiningum um hljóðmælingar frá skotvöllum. Gagnrýnt hefur verið, í andmælum við tillögur að starfsleyfum, að HER hafi ekki notast við hljóðmælingar sem eru sérstaklega gerðar fyrir skotvelli. HER hefur bent á að ekki sé fjallað um sérstök viðmið fyrir hljóðamælingar frá skotvöllum í íslenskum lögum og reglugerðum né sé fjallað sérstaklega um þau í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um hljóðmælingar.

Engin starfsemi er á skotvöllum í dag þar sem útgefin starfsleyfi frá 2021 voru kærð til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi þau úr gildi, á grundvelli skipulags á svæðinu. Í úrskurðinum er ekki tekin afstaða til hljóðmælinga. Tekið hefur gildi nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík og á grundvelli þess hefur HER borist umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir annan skotvöllinn.

Samkvæmt 11. gr. reglugerð 724/2008 um hávaða skal Umhverfisstofnun í samstarfi við önnur stjórnvöld gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrri hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar eru út af *Naturvårdsverket*.

Virðingarfyllst,

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Að ígrunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvísuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Að grunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvisuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.

Fylgiskjal 3 -



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Akureyri, 11. mars 2022
UST202202-2185
06.0

Efni: Fyrirspurn - leiðbeiningar um hávaðamælingar við skotvelli

Við er til orindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), dags. 17.2.2022, þar sem ós er eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um val á aðferðaburði við hljóðmælingar vegna starfsemi skotvalla þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.

Tveir skotvelli hafa verið starfræktir í Álfnesi, á svæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Þingmenn árin hafa borið mikið af kvætnum vegna hávaða frá starfsemi. Árið 2021 v. auglýstar tillögur að nýjum starfsleyfum fyrir báða velli og hárust athugasemdir við þá tillögurnar er vörðugu hávaða frá starfsemi. Í þeim var m.a. vitnað í hljóðmælingar og íbúar hafa látið framkvæma sem byggja á sænskum leiðbeiningum um hljóðmælingar skotvöllum. Gagnrýnt hefur verið, í andmæli við tillögur að starfsleyfum, að HER, ekki notast við hljóðmælingar sem eru sérstaklega gerðar fyrir skotvelli. HER hefur þó að ekki sé fjallað um sérstök viðmið fyrir hljóðmælingar frá skotvöllum í íslenskum lögum og reglugerðum né sé fjallað sérstaklega um þau í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar hljóðmælingar.

Engin starfsemi er á skotvöllumum í dag þar sem ótvefni starfsleyfi frá 2021 voru kærð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi þau úr gildi, á grundvelli skipulags á svæðinu. Í úrskurðinum er ekki tekið afstöða til hljóðmælinga. Tekið hefur gildi aðalskipulag fyrir Reykjavík og á grundvelli þess hefur HER borið umsókn um starfsleyfi fyrir annan skotvöllum.

Samkvæmt 11. gr. reglugerð 724/2008 um hávaða skal Umhverfisstofnun í samstarfi önnur stjórnvöld gefa út leiðbeiningar um mælingar við hljóðmælingar vegna eftir Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrir hljóðmælingar skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar eru af Naturvårdsverket.

Virðingarfyllt,

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Að grunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvisuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.

Geirni Lárusson
Díanna Smítt